



Akstursíþróttasamband Íslands

Formannafundur 1. nóvember 2014

Fundurinn var haldinn kl. 11:00 í Greifanum Akureyri

Fundarmenn: AÍH: Gunnar Bjarnason, Gunnar Hjálmarsson; KK Ingimundur Helgason, Jón Bjarni Jónsson, Ingólfur Arnarson; BÍKR: Þórður Bragason; AÍFS: Garðar Gunnarsson, Árni Gunnlaugsson; BA: Stefán Bjarnhéðinsson; BS: Björn Ingi Björnsson; START: Ólafur Bragi Jónsson; TKS: Helga Katrín Stefánsdóttir; Stimpill: Guðni Jónsson; MMI: Ian Sykes; AKÍS: Guðbergur Reynisson, Einar Gunnlaugsson, Tryggvi M Þórðarson, Þrándur Arnþórsson.

1. Fundur settur

Guðbergur Reynisson bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

Guðbergur stakk upp á Stefáni Bjarnhéðinssyni sem fundarstjóra og Þrándi Arnþórssyni sem ritara. Það var samþykkt einróma.

2. Skýrsla um starfsemi 2014

Guðbergur flytti skýrslu formanns:

Kæru formenn aðildarfélaganna og keppnisráða verið velkomin á 2. Formannafund Akís haldinn á Akureyri 1. nóvember 2014

Það sem við settum okkur út úr formannafundi 2013 var að á ársþingi 2014 yrði samþykkt :

- Sameiginlegar keppnisreglur og þær strax teknar í notkun
- Keppnisráðin yrðu gerð öflugri
- Keppendum yrði fjölgað
- Meiri samvinna og fagmennska
- Gott samstarf við yfirvöld
- Átak í skráningu keppnistækja
- Öryggi ofar öllu.

Samþykktar voru á Ársþinginu keppnisreglur AKÍS og gekk ágætlega að keppa eftir þeim þó svo upp hafi komið eitt til tvö agavandamál, áhyggjuefnið er hins vegar að erfitt virðist fyrir keppnishaldara og aðildarfélögin að skila skýrslum til AKÍS eftir keppni en af 38 keppnum hafa okkur borist 3 skýrslur, þess vegna vitum við ekkert um athugasemdir, eða hvort keppendur voru með félagskírteini, keppniskírteini eða tryggingar í lagi og svo virðast fáir hafa áhuga á að auglýsa keppnirnar eða láta vita af úrslitum en sendar voru fréttir eftir keppni frá 13 keppnum.



Við ákváðum einnig á formannafundi 2013 að gera keppnisráðin öflugri, samþykkt var reglugerð keppnisráða og skemmt frá því að segja að keppnisráðin voru jú virkari en árið áður.

Fjölgun keppenda hefur tekist ágætlega en við sáum fjölgun milli ára, 245 keppnisskírteini voru seld og þar af 73 nýliðaskírteini, 333 keppendur kepptu í hinum ýmsu keppnisgreinum s.s nokkrir kepptu í fleiri en einni grein. Áhyggjuefni er hins vegar eins og áður að allt of margar keppnir falla niður á keppnisdagatali AKÍS en auglýstar voru 49 keppnir í vor og haldnar voru 38, aðallega eru þessar niðurfellingar vegna veðurs.

Í samvinnu og fagmennsku deildinni þurfum við að gera aðeins betur, en nokkrir árekstrar urðu á dagatalinu, sérstaklega vegna niðurfellinga og frestanna á keppnum vegna veðurs, og hefði betur mátt tala saman í þeim efnum, en við lærum af því, einnig mættum við öll bæta fagmennskuna en það á ekki að vera í boði að á miðju keppnistímabili séu enn keppendur sem ekki hafa greitt keppnisskírteini, og engar athugasemdir skoðunarmanna berast milli keppnishaldara, þetta verður vonandi lagað með námskeiðunum sem AKÍS stendur nú fyrir.

Samstarf við yfirvöld er gott en við höfum settið fundi með Lögreglustjóra, Aðilum úr Innanríkisráðuneyti og Tryggingarfélagum, þessi þrjú eru samt ekki á sömu hraðferð og við, allt fast í 1. Gír og sumir jafnvel í bakkgír.

Skráning keppnistækja hefur gengið vel og verður áfram haldið og þó svo við höfum gefið aðeins eftir í eftirliti hjá félögum þá hafa keppnishaldarar viðhaldið því að hugsa ávalt fyrst og fremst um öryggi allra sem að keppnunum koma.

Önnur verkefni sem unnið hefur verið að eru til dæmis Öryggisnámskeiðin sem eru nú loks komin í gang, nýjar leiðir við val á Akstursíþróttamanni Íslands en facebook síða AKÍS logaði þegar við opnuðum fyrir kosninguna, í samvinnu við FIA Youth Academy sendum við svo Baldur Hlökkversson í úrtöku í Hollandi þar sem ungir akstursíþróttamenn hafa síðustu viku barist við að hreppa sæti í Akstursíþróttaskóla FIA.

Barist hefur verið við að fá umfjöllun fjölmiðla á motorsporti með alltof litlum árangri, og er það líka áhugaleysi keppnishaldara að kenna að algert áhugaleysi virðist vera á akstursíþróttum hjá fjölmiðlum, svo höfum við framkvæmdastjórinn unnið í haust að kynningarvideoi og blaðagreinum sem verða birt fljótlega.

Keppnistímabilið 2014 einkenndist að mestu leyti af slysum í torfæru og kærumáli í ralli fyrir utan nokkur mál sem við ætlum hér að taka á og vona ég að við munum eiga góðan fund þar sem áhersla verður lögð á að skerpa á reglum fyrir næsta ár og koma í veg fyrir að sömu mál verði á okkar könnu að ári.

Óska útkoma út úr þessum formannafundi er að við getum samþykkt reglubreytingar og dagatal fyrir keppnisárið 2015 og getum svo notað veturinn til þess að aðlaga okkur að því sem er samþykkt.

3. Staðfesting íslandsmeistara 2014

Staðfest.



4. Keppnisdagatal 2015

Þórður fór yfir keppnisdagatal 2015.

Ræða við MSÍ um sameiginlegt lokahóf.

5. Akstursíþróttamaður ársins valinn

Fundarmenn kjósa akstursíþróttamann ársins, einn karl og eina konu.

Rætt um aðferðafræði og skilyrði og ákveðið að hnykkja betur á orðalagi.

6. Breytingar á Keppnisreglum AKÍ

Farið yfir breytingar.

Sjá afgreiðslu breytinga í viðhengi.

Önnur mál

- **Reglur og framkvæmd** - Tryggvi opnaði umræðu um reglur, m.a. hjálmareglur. Gunnar Hjálmarsson AÍH nefndi að mótorhjólajálmar ætti ekki að nota.
- **Brautarreglur** - Ingimundur Helgason KK: Ætti að vera hægt að hafa einfaldari brautarreglur um ákveðin atriði.
- **Ábyrgð** - Ingólfur Arnarson KK: Ábyrgð á keppnistæki sé keppanda.
- **KITI** – Tryggvi kynsir keppniskerfi frá Finnlandi. Ekki ljóst hvað þetta kostar – gæti verið um ein Evra á keppanda á ári. Athuga með kostnað og lagt fyrir Ársþing.
- **Alþjóðleg skírteini** – læknisskoðun er töluvert flókið dæmi. Hjaratlínurit, öndunarpróf, sálfræðiþróf. Með öllu þessu þarf línurit og túlkun læknis.
- **Reglubreytingar í torfæru** – eru á leiðinni frá FIA/NEZ. Samþykkt að reglur verði klárar fyrir 15. des. Sama gildi fyrir Rally.
- **Breytingar** – Stefán Bjarnhéðinsson BA: breytingar verði áhorfendavænar og skili tekjum.
- **Tryggingar og sérskráning** – talsverð umræða og ákveðið að vinna áfram að lausn.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið um kl. 16:00

Þrándur Arnþórsson